





Mynd 8: Aðveitukerfi Landsnets



Mynd 9: Rafveita á vegum Orkuveitu Reykjavíkur

VEITUR

Þróun byggðar, landnotkun og landnýting á einstökum svæðum ræður mestu um skipulagningu og uppbyggingu veitukerfa borgarinnar. Megin verkefni veitustofnana tengjast því nýrri íbúðarbyggð og atvinnusvæðum, auk endurnýjunar eldri lagna. Við mannvirkjagerð á vinnslusvæðum vegna jarðhita skal haft samráð við Orkuveitu Reykjavíkur.

Veitustofnanir borgarinnar eru sameinaðar í einu fyrirtæki, Orkuveitu Reykjavíkur, sem þjónar mörgum sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur. Veitusvæði fyrirtækisins er afar mismunandi eftir því hvort um er að ræða kalt vatn, heitt vatn, fráveitu eða rafmagn.

Við vinnslu deiliskipulags er mikilvægt að huga að lagnaleiðum veitna auk lóða fyrir mannvirki Orkuveitu Reykjavíkur. Stefna um veitur í aðalskipulaginu nær einnig til aðveitukerfis Landsnets í upplandi borgarinnar. Í kaflanum er einnig gerð grein fyrir boðveitu og heimildum um fjarskiptasenda í borgarlandinu.

Rafveita

Orkuveita Reykjavíkur sér Reykjavík, Kópavogi, stærstum hlutaGarðabæjar,SeltjarnarnesiogMosfellsbæfyrirraforku og dreifir henni um öll sveitarfélögin. Orkuspárnefnd gerir ráð fyrir að raforkusala á núverandi veitusvæði Orkuveitunnar muni aukast um 66 % frá 2010 til loka ársins 2030 (verði 1.787 GWh) og að aflþörf muni aukast um 67% (verði 328 MW). Gert er ráð fyrir að heildarsala til heimila aukist um 60%, heildarsala til þjónustufyrirtækja um 80% og iðnfyrirtækja (ekki stóriðju) aukist um 30%.

Uppbygging aðveitu- og dreifikerfis fyrir raforku tekur sérstaklega mið af þróun byggðar og landnýtingu á einstökum svæðum. Ákvarðanir borgaryfirvalda (og annarra sveitarfélaga á veitusvæðinu) um staðarval nýrrar íbúðabyggðar, iðnaðar- og þjónustusvæða og hugsanlegra orkukrefjandi fyrirtækja hafa þannig veruleg áhrif. Meðal helstu framkvæmda má nefna: Aðveitustöð við Vesturlandsveg (A8) verður endurbætt og 132 kV rofabúnaðikomiðfyririnnandyráí nýrri byggingu.Utanhúss

tengivirki Orkuveitunnar og Landsvirkjunar verður þá fjarlægt. Aðveitustöð við Borgartún (A3) verður einnig endurbyggð fyrir 132 kV gaseinangraðan rofabúnað í stað núverandi búnaðar. Á seinni hluta skipulagstímabilsins verða nokkrir 132 kV jarðstrengir komnir að eðlilegum endingartíma og munu þarfnast endurnýjunar. Bygging nýrrar aðveitustöðvar við Vatnagarða í Reykjavík (A12) er hugsanleg vegna aukins álags við Sundahöfn.

Þétting byggðar næst miðborginni, aukning í íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi í vestur- og austurhluta Reykjavíkur (Mýrargata–Örfirisey–Keldur–Köllunarklettsvegur) svo og í Vatnsmýrinni mun væntanlega leiða til byggingar nýrrar aðveitustöðvar (A14) á síðari hluta skipulagstímabilsins en staðarval liggur ekki fyrir. Uppbygging í Vatnsmýrinni kallar á hönnun og uppbyggingu á nýju rafdreifikerfi á þessu svæði. Þétting byggðar mun leiða til þess að flutningsgeta rafdreifikerfisins mun víða verða fullnýtt sem leiðir til þess að styrkja og endurnýja þarf núverandi rafdreifikerfi (strengi – spennustöðvar) í grónum hverfum borgarinnar.

Á nýjum sérhæfðum atvinnusvæðum innan borgarmarka (Hólmsheiði – Álfsnes – Esjumelar - Keldur) þarf að leggja nýtt rafdreifikerfi frá nærliggjandi aðveitustöðvum til að geta þjónað þessum svæðum. Núverandi aðveitustöð við Esjumela á Kjalarnesi (A10) kann að verða stækkuð með sama hætti í samræmi við þróun byggðar og atvinnustarfsemi á Álfsnesi. Hækkun aðveituspennu í 132 kV er því líkleg á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ á síðasta hluta skipulagstímabilsins.

Aðveitukerfi Landsnets

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu breytingum sem fyrirhugaðar eru á aðveitukerfi Landsnets innan Reykjavíkur (sjá skýringarmynd)

Vegna áætlana um aukna orkuþörf á suðvesturhorninu, er fyrirhugað að styrkja raforkuflutningskerfið á Suðvesturlandi, frá Hellisheiði að Straumsvík. Innan Reykjavíkur felur þetta í sér lagningu Kolviðarhólslínu

2 (220kV, endurbygging) og Búrfellslínu 3 (400 kV) og síðar með aukinni orkuþörf Sandskeiðslínu 1 (400 kV), um Húsfellsbruna, samsíða núverandi línu. Sogslína 2 frá Sandskeiði að Geithálsi verður rifinn. Þegar framkvæmdum við Kolviðarhólslínu 2 og Búrfellslínu 3 er lokið verður unnt að ráðast í niðurrif Hamraneslína 1 og 2. Vegna þessara áforma var gerð breyting á AR2001-2024, sem staðfest var 1. mars 2010.

Tillaga að aðalskipulagi 2010-2030 gerir ráð fyrir að heimilt verði að endurbyggja svokallaða Brennimelslínu 1 og hún skilgreind sem 400 kV í stað 220 kV. Núverandi línuleið Brennimelslínu 1, 220 kV, rétt snertir austurjaðar Reykjavíkur í fjallendinu austan við býlið Stardal. Línan er þar innan Reykjavíkur á um 1.300 m kafla. Þó að línan hafi staðið þarna í áratugi var hún ekki sérstaklega tilgreind á þemakorti veitukerfa í aðalskipulaginu 2001-2024. Innan Reykjavíkur verður endurbyggingu línunnar þannig háttáð, að ný 400 kV lína verður byggð um 40 m austan við núverandi línu, og eldri línan síðan rifin. Línustæðið verður því nánast það sama og nú, en nýja línan verður heldur

stærri. Í hverjum fasa verða tveir leiðarar og notuð verða stöguð stálgrindarmöstur, svokölluð V-möstur. Möstrin verða um 6 m breiðari en núverandi möstur (+3 m í hvora átt) og um 2-3 m hærri. Helgunarsvæði línunnar breiðkar því frá því sem nú er. Óvíst er hvort jarðvírur (eldingavarar) verða á línunni. Meðfram núverandi línu er gömul malarslóð, sem þarf að endurbæta. Breyting á línu sem þessari er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. En vegna þess að um er að ræða verulega breytingu á línustæði í Mosfellsbæ og í Hvalfjarðarsveit, er gert ráð fyrir að línan í heild gangist undir mat á umhverfisáhrifum.

Helgunarsvæði raflína

Við afmörkun helgunarsvæða háspennulína skal taka mið af IST EN50341 ásamt íslenskum viðauka, sbr. reglugerð nr. 586/2004 um lágmarksfjarlægðir háspennulína frá öðrum mannvirkjum.




Mynd 10: Hitaveita á vegum Orkuveitu Reykjavíkur

Hitaveita

Orkuveita Reykjavíkur sér Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi og Mosfellsbæ fyrir heitu vatni en Mosfellsbær annast eigin dreifingu. Með tilkomu Hellisheiðarvirkjunar og nýtingu heits vatns sem fellur til við raforkuframleiðslu verður þörfum höfuðborgarsvæðisins fullnægt næstu áratugi. Ný dælustöð á Reynisvatnsheiði nýtir vatnið frá Hellisheiði sem blandast þar vatni frá Nesjavöllum. Álag á lághitasvæðin og jarðhitakerfið þar hefur minnkað til muna og ekki talin þörf fyrir jarðhitaleit fyrir höfuðborgarsvæðið á næstu árum miðað við óbreytt ástand og núverandi forsendur.


Gert er ráð fyrir sérstakri dælustöð í væntanlegu iðnaðarhverfi við Hólmsheiði, en drög að skipulagi á því svæði hafa verið til umfjöllunar undanfarin misseri. Styrkja þarf flutning vatns á suðursvæðin, þ.e. Garðabæ og Hafnarfjörð verði byggðarþróun hröð þar. Hugsanlega þarf að setja dælustöðvar á Suðuræðina þangað eða svera upp lagnir. Verði af mikilli uppbyggingu í Vatnsmýrinni mun það kalla á byggingu dælustöðva og styrkingu aðliggjandi flutningskerfis. Af og til hefur svokallaður



„ofanbyggðarvegur“ verið til umræðu, sem er nýr vegur ofan og austan núverandi byggðar á höfuðborgarsvæðinu og hugsaður sem ein af aðalleiðunum til Reykjanesbæjar. Verði af slíkri framkvæmd, þá er líklegt að hitaveitan noti tækifærið og auki flutningsgetu og –öryggi með lagningu hitaveitu samhliða þeim vegi.

Eftir því sem byggð þéttist og þörf fyrir heitt vatn eykst næstu ár og áratugi, er gert ráð fyrir aukinni nýtingu Hellisheiðar – og Nesjavallavatns inn í borgina og byggingu nýrra dælustöðva. Í því skyni er gert ráð fyrir lagningu stofnæða þegar notkun á heitu vatni eykst í byggðinni við Úlfarsfellshlíðar. Svæðið mun tengjast við dælustöð við Víkurveg. Byggja þarf dælustöð í Úlfarsfellshlíðum og leggja þarf frárennislögn frá Víkurvegsstöð í Gorvík. Auk þessa þarf að ljúka við tengingu svæðisins við Reynisvatnsheiði. Reisa þarf dælustöð við Suðurfell í Breiðholti og leggja nýjar aðveitulagnir í hverfinu. Þá þarf að leggja nýja aðfærslulögn frá Suðuræð að dælustöð við Selás. Leggja þarf aðveituað frá Reynisvatnsheiði að Fossvogsstöð við Brúnaland. Þá þarf að leggja stofnæð frá Bústaðavegi að Suðurlandsbraut. Á meðfylgjandi korti má sjá hinar fyrirhuguðu lagnaleiðir.

Á næstu árum er gert ráð fyrir talsverðri endurnýjun flutnings – og stofnæða enda eru þær víða orðnar gamlar, bilanir nokkrar og mikilvægi lagna mikið. Slík endurnýjun er fyrirferðarmikil hverju sinni. Mikilvægastar eru Reykjaæðar I og II, sem liggja frá Mosfellsbæ að Perlunni í Öskjuhlíð



Mynd 11: Svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu

og verður um talsverða endurnýjun að ræða á þeirri leið. Hefðbundin endurnýjun minni dreiflagna og heimæða verður áfram samhliða framkvæmdum sveitarfélaga og annarra veitustofnana.

Á næstu árum og áratugum er gert ráð fyrir endurnýjun geyma veitunnar. Þess vegna er brynt við mótun skipulags kringum geyma, eins og t.d. við Perluna, að tryggt sé í samráði við OR aðgengi og athafnasvæði til þessarar endurnýjunar. Undir tankasvæðunum og að þeim er flókið lagnakerfi sem þarfnast athafnasvæðis til reglubundins viðhalds.

Kyndistöðin við Bæjarháls: Stöðin var lögð niður í árslok 2011 og starfsleyfi hennar skilað inn. Stöðin var tekin í notkun 1967 og gegndi hún hlutverki topp- og varastöðvar fyrir hitaveituna. Stöðin var síðast keyrð á fullu afli veturinn 1989-1990.


Vatnsveita og vatnsvernd

Orkuveita Reykjavíkur sér Reykjavík, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Álftanesi fyrir köldu vatni, en annast dreifingu vatnsins eingöngu í Reykjavík og Álftanesi. Vatn fyrir Álftanes er keypt af Garðabæ.

Á næstu árum verða eflid verndar- og öryggismál vatnstökusvæðanna í Heiðmörk og uppbygging á vatnsöflunarsvæðinu í suðaustur Heiðmörk mun halda áfram með virkjun hola VK2, VK3 og VK4.

Aðfærsla kalds vatns fylgir að sjálfsögðu almennt eftir þróun í uppbyggingu íbúða- og atvinnusvæða á þjónustusvæði Orkuveitunnar. Lokið verður á næstu árum við lagningu stofnæðar frá Almannadal að Norðlingaholti. Einnig verður styrking með lagningu æðar frá Hringbraut að Loftleiðahóteli og lögð æð undir flugbraut við Landhelgisgæslu frá Nauthólsvegi að Skeljanesi.

Mikil þörf er fyrirsjáanleg við endurnýjun heimæða og götulagna. Gert er ráð fyrir að endurnýjaðar verði yfir 5.000 heimæðar og um 50 km af götuæðum á



Mynd 12: Vatnsveita á vegum Orkuveitu Reykjavíkur

skipulagstímabilinu.

Á skipulagsupprátt eru afmörkuð þrjú stig vatnsverndarsvæða umhverfis vatnsból; (i) brunnsvæði (VB), (ii) grannsvæði (VG) og (iii) fjarsvæði sem teygir sig að vatnaskilum (VF), sbr. ákvæði reglugerðar nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 [athuga breytingar á lögum og reglugerð]. Fjarsvæðin eru annarsvegar merkt fjarsvæði A og hinsvegar fjarsvæði B, sbr. gildandi svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu stendur nú yfir og er gert ráð fyrir að henni ljúki á árinu 2014. Að sinni er því ekki gert ráð fyrir breytingum á skipulagi vatnsverndar innan Reykjavíkur, að undanskilydum því að skilgreint er nýtt vatnsverndarsvæði umhverfis vatnsból í landi Vallaár á Kjalarnesi, sem er ætlað að þjóna sem varavatnsból fyrir Grundarhverfi og nágrenni.



Fráveita

Orkuveita Reykjavíkur annast uppbyggingu og rekstur fráveitu í Reykjavík auk þess að sjá um hreinsun og förgun frárennslis frá nágrannasveitarfélögunum Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ.

Um 1985 var hafist handa við uppbyggingu á aðalræsakerfi borgarinnar ásamt byggingu tilheyrandi dælu- og hreinsistöðva og lauk því verki árið 2005, þannig að í dag eru yfir 99% af fyrirtækjum og íbúum borgarinnar tengd kerfinu. Fráveitukerfið uppfyllir þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum og reglugerðum varðandi hreinsun frárennslis og eru, að þeim kröfum óbreyttum, ekki fyrirsjáanlegar neinar umtalsverðar breytingar eða endurbætur á því á næstu árum. Á skipulagstímabilinu þarf að meta ávinning og kostnað við frekari meðhöndlun


frárennslisins, bæði hreinsun í miðlægum hreinsistöðvum, núverandi stöðvum, og eins við staðbundna hreinsun þar sem dregið er úr þeirri mengun frá atvinnustarfsemi sem í dag berst í fráveitukerfið.

Samhliða uppbyggingu kerfisins hefur verið unnið markvisst að endurnýjun og fódur eldra lagnakerfis. Sú áhersla sem lögð er á þéttingu byggðar í nýju skipulagi mun hinsvegar leiða til þess að flutningsgeta kerfisins mun víða verða ófullnægjandi sem aftur leiðir til þess að skipta þarf út eldri lögnum og auka flutningsgetu bæði innan einstakra hverfa og eftir stofnkerfi til hreinsistöðva eða í viðtaka.

Samhliða slíkum endurbótum og eins þar sem götur í eldri byggðum eru endurnýjaðar er rétt að huga að því að aðskilja ofanvatn og skólp sem í eldri hverfum

borgarinnar er víða flutt í sömu lögninni. Með þessu er dregið verulega úr því magni af óhreinsuðu skólpi sem veitt er í viðtaka, hafinn undirbúningur til að mæta frekari hreinsunarkröfum auk þess sem dregið er úr álagi á núverandi meginkerfi fráveitunnar og líftími þess lengdur.

Við uppbyggingu á nýjum byggingasvæðum s.s. í Vatnsmýri og á Hólmsheiði er brýnt að fyrir liggi skýr markmið varðandi meðhöndlun á ofanvatni sem miða að því að raska vatnsbúskap svæðanna eins lítið og unnt er. Samhliða því er þess gætt að lágmarka mengun vegna þeirra umsvifa, sem umferð og sú starfsemi sem heimiluð verður á svæðunum hefur í för með sér.



Mynd 13: Fráveita á vegum Orkuveitu Reykjavíkur

Boðveita og fjarskiptamöstur

Aðalskipulag setur ekki fram sérstaka stefnu um gagna- eða boðveitu. Gerð er grein fyrir henni eftir atvikum í hverfis- eða deiliskipulagi. Minni mannvirki, s.s. fjarskiptamöstur, móttakarar, línulagnir í jörðu eru heimilir utan byggðar, s.s. á opnum svæðum (OP), óbyggðum svæðum (ÓB) og landbúnaðarsvæðum, en eru háðir framkvæmdaleyfi. Heimilt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir slíkum framkvæmdum á grundvelli aðalskipulagsins, þó viðkomandi mannvirki séu ekki tilgreind á uppdráttum þess. Minniháttar fjarskiptasendar og móttakarar eru heimilir ofan á hærri byggingum. Almenn skal gera grein fyrir slíku í deiliskipulagi.

Heimildir um veitumannvirki á öðrum landnotkunarsvæðum

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að skólpdælu- og hreinsistöðvar og önnur minniháttar veitumannvirki geti verið á öðrum landnotkunarsvæðum en iðnaðarsvæðum, s.s. á opnum svæðum (OP) og strandsvæðum (ST) enda sé þannig staðið að hönnun og frágangi að mannvirki falli vel að umhverfinu og valdi ekki neikvæðum umhverfisáhrifum á útivist og ásynd.

Stofnkerfi veitna og helstu veitumannvirki eru sýnd á sérstökum þemakortum og er lega þeirra og staðsetning bindandi í aðalskipulaginu. Stefna um minniháttar veitumannvirki og dreifikerfi er ekki sett fram í aðalskipulagi.





LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Þróun byggðar í dreifbýli

Kjalarnesið hefur mikla sérstöðu innan Reykjavíkur sem eina landbúnaðar- og dreifbýlissvæðið innan sveitarfélagsins. Kjalarnes afmarkast af Leirvogsa í suðri, Kiðafellsá og Hvalfirði í norðri og hábungu Esju og Skálafells í austri og er u.þ.b. 161 km² að stærð og tekur því til rúmlega helmingis heildarflatarmáls Reykjavíkur. Leiruvogur, Kollafjörður, Hofsvík og Hvalfjörður ganga inn úr Faxaflóa og Álfsnes, Brimnes og Kjalarnes ganga út í flóann. Landslag Kjalarness einkennist af vogskornum ströndum og undirlendi sem eru nesin ásamt landinu undir hliðum Esju sem rís upp í 914 m hæð til austurs og norðurs og er eitt helsta kennileiti svæðisins og Reykjavíkur. Esjan og nágrenni gegnir æ mikilvægara hlutverki í útivistariðkun íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Mikilvægt er að virða og vernda Kjalarnesið sem landbúnaðarsvæði og dreifbýli og stuðla að fjölbreyttum

búsetukostum og öflugu atvinnulífi á svæðinu. Jafnframt þarf að tryggja aðgengi almennings að svæðum með útivistargildi og taka frá þau svæði sem hafa sérstakt verndargildi.

Hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi á Kjalarnesi á undanförnum árum. Matvælaframleiðsla á svæðinu er í auknum mæli bundin við þaueldi, sem nýtir með takmörkuðum hætti gæði viðkomandi landbúnaðarlands. Starfsleyfissskyld svína- og kjúklingabú eru á eftirfarandi jörðum, Móum, Vallá, Melavöllum, Brautarholti og Sætúni, auk sláturhúss í Saltvík. Breyttar áherslur í landbúnaði, með auknu vægi lífrænnar ræktunar og beinni tengsla framleiðenda og neytenda (sbr. Beint frá býli), getur skapað ný tækifæri í matvælaframleiðslu á Kjalarnes. Þar nýtur Kjalarnesið nálægðar við stærsta þéttbýlissvæði landsins, þar sem eftirspurn eftir lífrænt vottuðum afurðum beint frá býli eykst sífellt. Markmið aðalskipulagsins er að efla fjölbreytta ræktun og

matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum Kjalarness, sbr. markmið jarðalaga og að landnýting verði í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun og markmið Landsskipulagstefnu (drög) um búsetumynstur og dreifingu byggðar.

Í aðalskipulaginu er allt láglendi Kjalarness, í megin atriðum, skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Með því er undirstrikað að gæði landbúnaðarlands, verði eftir fremsta megni, vernduð og við nýtingu landsins verði höfuðáherslan á ræktun og búskap. Það er hinsvegar ljóst að vegna núverandi stöðu landnýtingar og uppskiptingu jarða (sjá mynd 14), með aukinni fjölbreytni í búskaparháttum til sveita, uppbyggingu ferðaþjónustu og fjölbreyttrar atvinnustarfsemi á bújörðum (sbr. skilgreining lögbýla skv. jarðalögum), að einnig þarf að tryggja ákveðinn sveigjanleika við stýringu á landnotkun á bújörðum. Markmiðið er að tryggja fjölbreytta búsetu og ræktun í dreifbýli Kjalarness og gera landeigendum kleift

SKILGREINING Á LANDBÚNAÐARSVÆÐUM

„Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. (gr. 6.2.1q. í skipulagsreglugerð). Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgæðslu. (gr. 6.2.r. í skipulagsreglugerð).“

MARKMIÐ


Eftirfarandi markmið og skipulagsákvæði eru sett fram um landbúnaðarsvæði og skógrækt í aðalskipulaginu:

- Efla ræktun og matvælaframleiðslu og skapa fjölbreytta búsetukosti á landbúnaðarsvæðum, sbr. markmið jarðalaga og stuðla að sjálfbærri landnýtingu í dreifbýli Reykjavíkur.
- Skapa skörp skil milli landbúnaðarsvæða (dreifbýlis) og þéttbýlis og milli landbúnaðarsvæða og opinna svæða með útivistar og/eða verndargildi.
- Stuðla að verndun verðmætts landbúnaðarlands* og efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum í anda sjálfbærrar þróunar
- Skapa skilyrði fyrir fjölbreytta búsetukosti á landbúnaðarsvæðunum án þess þó að það leiði til þéttbýlisþróunar. Önnur atvinnustarfsemi sem tengist búskap og hefð er fyrir að stunda á lögbýlum til sveita er einnig möguleg, s.s. hefðbundin ferðaþjónusta bænda.
- Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarbyggingum sem tengjast búrekstri á viðkomandi landi en einnig má gera ráð fyrir smábýlum og stökum íbúðarhúsum í tengslum við tómsbundabúskap.
- Um eftirfarandi landbúnaðarsvæði gilda sérákvæði:
 - Nesvík (L1).** Vegna nálægðar við Grundarhverfi og nýlegan golfvöll eru sérákvæði sett um þróun uppbyggingar á viðkomandi svæði. Á svæðinu má gera ráð fyrir fjölpætttri starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu og afþreyingu. Ennfremur er möguleiki á að þróa þyrpingu íbúðarhúsa á svæðinu, án tengsla við búskap, sbr. ákvæði í svæðisskipulaginu 2001-2024 um landbúnaðarsvæði. Marka skal frekari stefnu um uppbyggingu svæðisins á heildrænan hátt í deiliskipulagi og í samhengi við væntanlegt hverfissskipulag fyrir Grundarhverfi og nágrenni.

- Við mögulega uppskiptingu jarða í smábýli eða tómsbundabýli, skal almennt miða við að viðkomandi landskiki sé ekki minni en 5 ha. Þar sem áform eru um stofnun smábýla/ tómsbundabýla skal leggja fram deiliskipulag sem tryggir heildarsýn um framtíðarnýtingu viðkomandi jarðar. Í deiliskipulagi er mögulegt að gera ráð fyrir smærri landskikum undir smábýli/tómsbundabýli og skal það rökstutt sérstaklega.
- Stök frístundahús eru ekki heimil á landbúnaðarsvæðum. Núverandi frístundahús er heimilt að endurbýggja og viðhalda. Heimilt er að byggja lítil gestahús (30 m2) við íbúðarhús á bújörðum.
- Minniháttar nytjaskógrækt (undir 10 ha) er heimil á landbúnaðarsvæðum, svo og minniháttar landbótaskógrækt og útivistarskógrækt, svo og skjólbelti. Umfangsmeiri skógrækt**, sbr. gr. 6.2.r. í skipulagsreglugerð, skal skilgreina sem sem Svæði fyrir skógrækt eða landgræðslu (SL). Ekkert slíkt svæði er skilgreint í aðalskipulaginu, en umfangsmikil útivistarskógrækt er heimil á opnum svæðum (OP). Meiriháttar nýræktun skóga er háð framkvæmdaleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012.

*Ræktað og framræst land innan lögbýla er almennt skilgreint sem landbúnaðarsvæði, hvort sem landið er uppskipt og ekki lengur stundaður þar hefðbundinn landbúnaður.

** Skógrækt sem nær til 200 ha svæðis eða stærra, fer inn á verndarsvæði eða hefur í för sér ruðning á náttúrulegum skógi, er tilkynningaskyld framkvæmd samkvæmt lögum nr. 106/200 (sjá 2.viðauki, 1.d. og 3. viðauka, 2. lið iii). Ennfremur þarf að meta í slíkum tilvikum hvort skógræktin skuli vera matskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 (sjá 5. og 6. greinar laganna).




Mynd 14: Mörk bújarða og eignarlands



að nýta jarðir sínar til verðmætasköpunar, þó hefðbundinn búskapur hafi lagst tímabundið af.

Mikilvægt er að setja skörp skil milli landbúnaðarsvæða (dreifbýlis) og þéttbýlis og tryggja þarf að þróun búsetu á landbúnaðarsvæðum leiði ekki til þéttbýlisþróunar eða dreifbyggðrar íbúðarbyggðar án tengsla við búskap. Ákvæði aðalskipulagsins um uppbyggingu smábýla og íbúðarhúsa án tengsla við hefðbundinn búskap, lúta m.a. að því að setja lágmark á stærðir landskika fyrir slíka uppbyggingu og kröfur um heildarskipulag bújarða til að tryggja yfirsýn og markvissara eftirlit með þróun mála. Mörkun stefnu um uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum er m.a. vandasöm vegna þess að hugtakið lögbýli og kröfur

til stofnunar þeirra, sbr. jarðalög, hafa ekki verið nægilega vel skilgreindar, m.a. varðandi lágmarksstærðir lands. Fjöldmargar fyrirspurnir og umsóknir um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og smábýla á Kjalarnesi á undanföllum árum, undirstrika þörfina fyrir skýrar heimildir í aðalskipulagi um búsetuþróun á landbúnaðarsvæðum. Til að gæta jafnræðis gagnvart landeigendum, þarf að setja ákveðnar grunnreglur sem gilda á öllum skilgreindum landbúnaðarsvæðum á Kjalarnesi. Það er hinsvegar einnig ljóst að staðhættir eru mismunandi eftir bújörðum, m.a. varðandi uppskiptingu lands, og því þarf að meta hverja umsókn um uppbyggingu sérstaklega og setja mögulega sérákvæði á einstök svæði. Endanleg ákvörðun um uppbyggingu er þó ekki tekin í aðalskipulagi, heldur



Mynd 15: Landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi

við afgreiðslu deiliskipulags sem lýsir fyrirhugaðri uppbyggingu og tryggir ákveðna heildarsýn fyrir viðkomandi jörð.

Við afmörkun landbúnaðarsvæða í aðalskipulaginu er einnig horft til þeirra svæða á Kjalarnesi, sem til framtíðar litið, hafa mikið útivistar- og/eða verndargildi og tryggja þarf aðgengi almennings að. Líkt og og í aðalskipulaginu 2001-2024 er öll strandlengja Kjalarnessins skilgreind sem opið svæði, jafnframt svæði meðfram helstu vatnsföllum. Efri mörk landbúnaðarsvæðanna miðast síðan í flestum tilvikum við mörk Græna trefilsins, sem hafa verið lagfærð frekar með tilliti til landbúnaðarlands og bæjarstæða. Þessi mörk landbúnaðarsvæða og útivistarsvæða eru

dregin óháð eignarmörkum, en fyrir liggur að leita þarf samkomulags við landeigendur um t.a.m. ræktun skógar í Græna treflinum og stigagerð.





Efnistaka og Efnislosun

Efnistaka

Eftirlit með efnistöku hefur verið ábótavant víða um land á síðustu áratugum. Það á jafnt við um stærri sveitarfélög og minni. Með lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda frá árinu 2000, þ.e. um matsskyldu og tilkynningaskyldu stærri efnisnáma, komst ákveðin festa á skipulag umfangsmeiri efnistöku. Frá 1. júlí 2012, með gildistöku viðkomandi ákvæðis í náttúruverndarlögum, varð síðan öll efnistaka háð framkvæmdaleyfi sveitarfélaga. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku í atvinnuskyni og gildir það einnig um frekari töku efnis í eldri námum. Landeiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil minniháttar efnistaka til eigin nota, svo framarlega að náttúruminjum sé ekki raskað, sbr. viðkomandi ákvæði laga um náttúruvernd og skipulagslög.

Þó efnistaka sé tímabundin framkvæmd þá getur hún

haft veruleg umhverfisáhrif og breytt ásynd landslags til frambúðar. Í aðalskipulagi er því mikilvægt að marka skýra stefnu um hvar efnistaka er ekki heimil og á hvaða svæðum og við hvaða aðstæður hún er mögulega heimil. Hver umhverfisáhrif efnistökunnar verða veltur verulega á því hvernig að henni er staðið og hvernig gengið er frá að efnistöku lokinni. Skýrar kröfur um útgáfu framkvæmdaleyfa til efnistöku, sbr. reglugerð nr. 772/2012, eru því mjög mikilvæg ákvæði í stefnu aðalskipulags um efnistöku. Í aðalskipulagi þarf einnig að tilgreina í hvaða tilvikum gera skuli deiliskipulag um frágang og landmótun að efnistöku lokinni. Stefnumörkun aðalskipulagsins 2010-2030 tekur mið af þessu.*

Í aðalskipulaginu 2001-2024 var ekki sett fram heildaráætlun um staðsetningu einstakra efnistökustaða. Tekið var fram að ekki væri gert ráð fyrir meiriháttar efnistöku, þ.e. þeirri sem heyrði undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum**, m.ö.o. aðeins var gert ráð

fyrir minniháttar efnisökustöðum. Þáverandi grjótnám í Geldinganesi var hér undanskilið en fljótlega var horfið frá því eftir gildistöku aðalskipulagsins. Í stað heildaráætlunar um efnistökustaði var mörkuð almenn stefna um hvar efnistaka væri ekki heimil og hvar hún væri mögulega heimil. Í aðalskipulaginu 2001-2024 var gert ráð fyrir að efnistaka væri ekki heimil innan Græna trefilsins, á opnum svæðum til sérstakra nota og á óbyggðum svæðum skv. skilgreiningu landnotkunar á sveitarfélagsupprætti og þéttbýlisupprætti. Efnistaka var þar með ekki heimil í hlíðum Esju, Úlfarsfelli, almennt í útmörkinni og meðfram strandlengjunni og helstu ám og vötnum. Samkvæmt þessu sama ákvæði var minniháttar efnistaka hinsvegar möguleg á t.a.m. landbúnaðarsvæðum og framtíðar byggðasvæðum, þ.e. efnistaka var möguleg áður en viðkomandi svæði væri tekið undir byggð. Sambærileg megin viðmið um efnistöku eru sett fram í aðalskipulaginu 2010-2030.

Innan marka Reykjavíkur eru nú fjórir stærri efnistökustaðir og fjölmargir smærri staðir. Margir þessara efnistökustaða eru aflagðir. Í sumum tilvikum eru staðirnir frágengnir, þó aðeins einn með vottun frá Umhverfisstofnun, en í fleiri tilvikum eru þeir ófrágengnir og frekari efnistaka fyrirhuguð (sjá töflu). Af stærri efnisnámunum er það einvörðungu náma í landi Bakka (E2), við Blikdalsá, sem er með starfsleyfi í gildi. Starfsleyfi um efnistöku í Varmhólum (E3,spilda 6) er útrunnið en sótt hefur verið um endurnýjun þess. Einnig hefur verið sótt um leyfi fyrir efnistöku í landi Varmadals (E5) og minni námu í landi Norðurkots (E1). Fyrirliggjandi umsóknir hafa ekki verið afgreiddar, m.a. vegna þess að ekki hafa legið fyrir fullnægjandi upplýsingar um umfang efnistökunnar og/ eða hún ekki samræmst þágildandi stefnu aðalskipulags. Í stefnu aðalskipulagsins 2010-2030 er gert ráð fyrir því að frekari efnistaka verði möguleg á ofangreindum stöðum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Einnig eru skilgreindir efnistökustaðir við Tíðaskarðshól (E6,núverandi náma)

MARKMIÐ

Eftirfarandi markmið og skipulagsákvæði eru sett fram um efnistöku í aðalskipulaginu:

- Tryggt verði markvisst eftirlit með efnistöku og efnislosun innan Reykjavíkur og fylgt eftir að gengið verði frá efnistöku- og losunarstöðum í samræmi við útgefin leyfi og skipulag
- Meiriháttar efnistökustaðir eru skilgreindir. Skilgreining efnistökustaða í aðalskipulagi er ekki staðfesting á því að viðkomandi stöðum hafi verið veitt framkvæmdaleyfi. Sækja þarf um framkvæmda- og starfsleyfi sérstaklega, sbr. ákvæði hér að neðan
- Minniháttar tímabundin efnistaka getur verið heimil á svæðum sem til stendur að raska vegna byggðapróunar samkvæmt aðalskipulaginu og efnistaka til eigin nota er heimil á landbúnaðarsvæðum. Forðast skal eftir megni röskun á ósnortnum hlíðum, ásum og áberandi landslagsmyndum og öðrum náttúruminjum.
- Efnistaka er ekki heimil innan Græna trefilsins, opnum svæðum (OP), strandsvæðum (ST), óbyggðum svæðum (ÓB) og í vötnum, ám og sjó (V). Þó er heimilt að taka áfram efni í námum við Varmhóla (E3), sem eru innan Græna trefilsins, en í deiliskipulag svæðisins, um frágang að efnistöku lokinni, verði landmótun og ræktun í samræmi við markmið um þróun Græna trefilsins. Ennfremur er gert ráð fyrir takmarkaðri efnislosun ómengaðra jarðefna innan Græna trefilsins í Hólmsheiði (sjá kafla um efnislosun).
- Í umsókn um framkvæmdaleyfi, um efnistöku skal eftirfarandi að koma fram:
 - Fylgja í hvívetna ákvæðum reglugerðar nr. 772/2012, sbr. 6 og 7.gr, um gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar
 - Gera skal ítarlega grein fyrir umfangi fyrirhugaðrar efnistöku, bæði hvað varðar flatarmál og rúmmál, áfangaskiptingu og tímalengd vinnslu.
 - Setja skal fram heildaráætlun um frágang svæðisins, áfangaskiptingu við landmótun og uppgræðslu. Ef krafist er deiliskipulags fyrir efnistökustaðinn er ekki þörf á að setja slíka áætlun fram í framkvæmdaleyfisumsókn.
 - Gera skal grein fyrir umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar efnistöku, hvort sem efnistakan heyrir undir lög nr. 106/2000 eður ei. Sérstaklega skal gera grein fyrir náttúruminjum sbr. viðkomandi ákvæði náttúruverndarlaga, fornleifum og menningarminjum sbr. ákvæði laga um menningarminjar og taka tillit til ákvæða lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, þar sem það á við.
- Reykjavíkurborg getur krafist þess að námurétthafi leggi fram tryggingu sem talin er fullnægjandi fyrir áætluðum kostnaði við eftirlit og frágang efnistökustaða. Efnistökusvæði skal ekki standa ófrágengið og ónotað lengur en í 3 ár, en mögulegt er þó að veita undanþágu frá því ákvæði ef sérstakar ástæður eru fyrir tímabundinni stöðvun efnistökunnar.
- Við framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar verði eingöngu keypt jarðefni úr viðurkenndum námum með tilskilin leyfi

og á Álfsnesi, við Kollafjörð (E4), sem opnaður verður í tengslum við mögulega iðnaðarhöfn á svæðinu og framkvæmdir við Sundabraut.

*Sjá enn fremur leiðbeiningarit Vegagerðarinnar frá 2002: Námur. Efnistaka og frágangur (www.vegagerdin.is)

**Efnistökusvæði yfir 50.000 m² eða 150.000 m³ eru

matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og tilkynna ber Skipulagsstofnun um fyrirhugað efnisnám sem er yfir 25.000 m² eða 50.000 m³, til ákvörðunar um matsskyldu.

SKILGREINING Á EFNISTÖKU- OG LOSUNARSVÆÐUM

„Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda. (gr. 6.2.g. í skipulagsreglugerð).“



Mynd 16: Efnistökusvæði á Kjalarnesi

Meiriháttar efnistökuastaðir

Eftirfarandi meiriháttar efnistökuastaðir eru skilgreindir (sjá mynd 16). Skilgreining neðangreindra efnistökuastaða í aðalskipulagi er ekki staðfesting á því að viðkomandi stöðum hafi verið veitt framkvæmdaleyfi. Sækja þarf um framkvæmda- og starfsleyfi sérstaklega, sbr. ákvæði hér að neðan:

Norðurkot (E1). Eldri náma sem í dag tekur til um 38 þúsund m2 svæðis. Náman er í jaðri svæðis á náttúruminjaskrá, en ekki ýkja áberandi í landslagi. Frekari efnistaka skal miðast að mestu við það svæði sem nú þegar er raskað og ekki verði frekari stækkun þess til norðurs. Í umsókn um framkvæmdaleyfi verður metið hvort efnistaka falli undir tilkynningaskyldu sbr. lög nr. 106/2000. Móttaka ómengaðra jarðefna er möguleg á svæðinu, til landmótunar og uppfyllingar.

Bakki (E2). Eldri náma sem tekið hefur verið úr í meira en 40 ár. Núverandi náma tekur til um 73 þúsund m2 og eru áform um að vinna efni í áföngum á allt að 183.000 m2 svæði. Efnistakan er á lítt grónum mel, næst Vesturlandsvegi, sem ekki hefur sérstakt verndargildi en er í nálægð við Blikdalsá. Efnistakan hefur í för með sér að land lækkar um 2-3 metra. Efnistöku næst ánni er að mestu lokið og er brýnt að gengið verði frá því svæði sem fyrst. Efnistakan er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda

sbr. lög nr. 106/2000. Náman hefur starfsleyfi sem gildir ársins 2019 og fyrir liggur lauslegt umhverfismat. Náman hefur ekki útgefið framkvæmdaleyfi og skal sækja um það, sbr. ákvæði þar um, með frekari gögnum um umfang vinnslu og umhverfisáhrif.

Varmhólar (E3). Eldra efnistökusvæði sem tekur til 320 þúsund m2. Svæðið skiptist í tvær námur, spildu 6 sem er nær Vesturlandsvegi og tekur til alls um 230 þúsund m2 og spildu 5 sem nær nú til 90.000 m2 svæðis. Efnistökusvæðið er töluvert áberandi í landslaginu og hefur veruleg áhrif á ásynd frá Vesturlandsvegi, einkum náman í spildu 6. Sótt hefur verið um leyfi til frekari vinnslu efnis á svæðinu (í spildu 6), en eldra starfsleyfi er útrunnið. Ekki hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á svæðinu. Efnistaka á svæðinu er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000 og við umhverfismat er mikilvægt að skoða báðar námurnar í samhengi. Sækja þarf um starfsleyfi og framkvæmdaleyfi, sbr. ákvæði þar um og leggja fram mat á umhverfisáhrifum frekari efnisvinnslu. Þar sem hér eru um mjög umfangsmikið efnistökusvæði á áberandi stað í rötum Esju við Vesturlandsveg, á svæði sem verður til framtíðar hluti Græna trefilsins, er lagt til að gert verði deiliskipulag fyrir svæðið í heild þar sem gerð verður grein fyrir frágangi svæðisins, landmótun og ræktun.

Álfnes (E4). Mögulegt framtíðar efnistökusvæði sem verður opnað í tengslum við þróun iðnaðarsvæðis og

hafnar við Kollafjörð. Efnistaka á svæðinu gæti nýst vegna framkvæmda við Sundabraut. Efnistakan og landmótunin gæti í heildina tekið til um 200.000 m2 svæðis og falið í sér verulega lækkun á landi. Áhrif efnistöku og formun lands á ásynd frá Kjalarnesi og Vesturlandsvegi verða veruleg. Þó hér sé sumpart um formun lands vegna þróunar framtíðarbyggðar, skal sækja um framkvæmda- og starfsleyfi fyrir efnistöku á svæðinu, ásamt umhverfismati sbr. lög nr. 106/2000.

Varmadalur (E5). Eldra efnistökusvæði sem tekur til um 100.000 m2 svæðis. Efnistökusvæðið er á sléttlendi og áhrif efnistöku ekki veruleg á ásynd. Frekari efnistaka skal að mestu miðast við það svæði sem nú þegar er raskað. Í umsókn um framkvæmdaleyfi verður metið hvort efnistaka falli undir tilkynningaskyldu sbr. lög nr. 106/2000.

Tiðaskarðshóll (E6). Lítil náma og athafnasvæði á vegum Spalar sem tekur nú til um 25 þúsund m2 svæði. Náman er á sléttlendi og áhrif á ásynd óveruleg. Frekari efnistaka skal miðast að mestu við það svæði sem nú þegar er raskað. Í umsókn um framkvæmdaleyfi verður metið hvort efnistaka falli undir tilkynningaskyldu sbr. lög nr. 106/2000.

	Heiti	Jörð	Eignarhald	Flokkur	Staða	Umfang	Landnotkunarsvæði	Staða leyfis
E2	Blikdalsá	Bakki	einka	Malarnáma	Í notkun	A: 18 ha	Landbúnaðarsvæði	Starfsleyfi til 2019
	Bugða hjá Stardal	Stardalur	einka	Malarnáma	Frágengin			Nei
E3	Esjuberg/Varmhólar (spilda 6)	Esjuberg	einka	Malarnáma	Í notkun	A: 23 ha	Opið svæði, Græni trefill	Í vinnslu (leyfi útrunnið)
E3	Esjuberg/Varmhólar (spilda 5)	Esjuberg	einka	Malarnáma	Í notkun	A: 9 ha	Opið svæði, Græni trefill	Í vinnslu
	Geitháls		Rvík		Frágengin			Nei
	Geldinganes		Rvík	Grjótnáma	Ófrágengin			Nei
	Glórumelur	Viðines	Rvík		Ófrágengin			Nei
	Grafará	Norður-Gröf	Rvík		Ófrágengin			Nei
	Reynisvatnsheiði		Rvík		Ófrágengin?			Nei
	Hrafnhólar	Hrafnhólar	einka		Ófrágengin			Nei
	Korpúlfsstaðir		Rvík		Frágengin			Nei
	Leirvogsa - Leirvogstungueyrar		einka		Ófrágengin			Nei
	Melagerði	Saurbær	einka		Ófrágengin			Nei
	Melar	Hjarðarnes	einka		Ófrágengin			Nei
	Móalandsnáma	Sættún	einka		Hálfrágengin			Nei
	Norðurgrof	Norður-Gröf	Rvík		Ófrágengin			Nei
E1	Norðurkot	Norðurkot	einka		Í notkun	A/B: 4 ha	Landbúnaðarsvæði	Í vinnslu
	Rauðhólar		Rvík		Frágengin			Nei
	Selás		Rvík		Frágengin			Nei
	Stardalur		einka		Frágengin, vottuð			Nei
	Útkot	Hjarðarnes	einka		Ófrágengin			Nei
	Vallá	Vallá	einka		Frágengin			Nei
E4	Varmadalsnáma	Varmadalur	einka		Ófrágengin	A: 10 ha	Landbúnaðarsvæði	Nei
	Ytri-Tindstaðanáma	Ytri-Tindstaðir	einka		Ófrágengin			Nei
E7	Hólmsheiði		Rvík	Efnislosun	Í notkun		Opið svæði, Græni trefill	Leyfi til 2020
E5	Álfnes, iðnaðarhöfn		Rvík	Grjót/ malar	Ný náma	A: 20 ha	Iðnaðarsvæði	Nei
E6	Tiðaskarðshóll	Hjarðarnes	Spölur	Malarnáma	Í notkun/ ófrágengin	B: 2,5 ha	Landbúnaðarsvæði	

A. Matsskyld náma eða mögulega matsskyld; Efnistökusvæði yfir 50.000 m² eða 150.000 m³
B. Tilkynningaskyld náma eða mögulega tilkynningaskyld; Fyrirhugað efnisnám yfir 25.000 m² eða 50.000 m³ sem ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar
C. Minni námur, ekki háðar lögum nr. 106/2000

Efnislosun

Gert er ráð fyrir að megin efnislosunarsvæði sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu verði við Bolaöldu. Í aðalskipulaginu 2010-2030 er því ekki skilgreint nýtt megin efnislosunarsvæði innan Reykjavíkur, sem leysti núverandi svæði í Hólmsheiði af hólm. Aðalskipulagið gerir þó að takmörkuð efnislosun geti haldið áfram í Hólmsheiði, sbr. ákvæði gildandi deiliskipulags, en

kappkostað verður að ganga frá því svæði í samræmi við markmið um þróun svæðisins sem útivistarsvæðis. Enn fremur er gert ráð fyrir því að heimilt verði að losa ómenguguð jarðefni á skilgreindum efnistökusvæðum, eftir því sem ákvæðið verður í framkvæmda- og starfsleyfum viðkomandi staða, enda verði tilfallandi efni notað til landmótunar og ræktunar og frágang efnisnámunnar.

TÍMABUNDIN LOSUN ÓMENGADS JARÐVEGS. LOSUNARSTAÐUR Í HÓLMSHEIÐI (E7)

Á fundi Borgarráðs vorið 2001 var samþykktur losunarstaður fyrir 1,5 milljón m3 af jarðvegi á Hólmsheiði. Framkvæmdin var samþykkt á grundvelli aðalskipulagsins 1996-2016 en gerðir voru eftirfarandi fyrirvarar við hana: 1. Jarðefni, sem fyrirhugað er að nota séu hrein og ómenguð af mannavöldum; 2. Tryggt verði að losun annarra efna eigi sér ekki stað, t.d. með því að takmarka umferð að svæðinu, sem á að taka við jarðefnum; 3. Dreifing efnanna verði þar sem enginn eða lítil gróður er fyrir; 4. Uppgræðsla landmótunarsvæðis hefjist eins fljótt og kostur er; 5. Ef fyrirhugað er að nota önnur efni til dreifingar á svæðinu, svo sem lífrænan landbúnaðarúrgang, verði fyrst leitað eftir samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur; 6. Fyrirvari var gerður um reiðleiðir hestamanna takmarkist ekki við framkvæmdirnar.

Umrætt svæði er skilgreint sem opið svæði, til framtíðar ætlað til útivistar og skógræktar. Svæðið er jafnframt innan græna trefilsins. Jarðvegslosun á þessu svæði er talin samræmast markmiðum aðalskipulagsins um framtíðarnýtingu svæðisins, enda eingöngu um jarðvegsfyllingu að ræða sem ætlunin er að rækta upp og móta að þörfum útivistar á svæðinu. Miðað við upphaflega áætlun sér nú fyrir endann á nýtingu núverandi svæðis og hefur því verið kannað með aðra hugsanlega losunarstaði. Niðurstaða þeirrar könnunar er að stækkun núverandi losunarstað sé álitlegasti kosturinn. Þar ræður mestu nálægð losunarstaðarins við helstu uppbyggingarsvæði innan Reykjavíkur. Álitid er að nýta megi núverandi svæði til næstu 5-10 ára og nær þá fyllingarsvæðið til allt að 32 ha. Losun jarðvegs verður háð sömu skilyrðum og ákveðin voru 2001.

Þó hér sem um tímabundna nýtingu lands að ræða sem getur samræmst vel langtímamarkmiðum aðalskipulagsins um nýtingu svæðisins til útivistar og skógrækt, þá þykir rétt að gera sérstaka grein fyrir losunarstaðnum í aðalskipulaginu. Umhverfisáhrif vegna losunar jarðvegs í Hólmsheiði verða einkum tímabundin og ekki veruleg ef settum skilyrðum um losun er fylgt í hvívetna. Helstu neikvæðu áhrif eru hugsanlegt áfok jarðvegs, umferðarónæði og sjónræn áhrif á aðliggjandi svæðum. Með settum skilyrðum um uppgræðslu eins fljótt og auðið er, tímatakmarkanir á losun efnis og þungabílaumferð og rykbindingu vega er mögulegt að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Áætlun um formun lands, uppgræðslu, ræktun og skipulagningu svæðisins til útivistar mun lágmarka neikvæð sjónræn áhrif á svæðinu. Svæðið sem hefur verið afmarkað sem losunarsvæði er ekki talið hafa sérstakt verndargildi, sbr. náttúruvarsúttekt Náttúrufræðistofnunar frá 1996. Staðsetning losunarstaðar nálægt helstu uppbyggingarsvæðum Reykjavíkur hefur hinsvegar jákvæð áhrif á loftgæði (losun gróðurhúsalofttegunda) og orkunotkun og almennt jákvæð hagræn áhrif. Gerð er frekari grein fyrir umhverfisáhrifum,mótvægisáðgerðum og frágangi svæðis í tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið.